

12
9. mars

Auglýsing

um staðfesting stjórnarráðsins á yfirsetukvennareglugjörð.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 14, 22. október 1912, hefir stjórnarráðið staðfest eftirfarandi:

Yfirsetukvennareglugjörð.

A. Almenn ákvæði.

1. gr.

Yfirboðarar yfirsetukvenna.

Allar yfirsetukonur skulu háðar eftirliti hjeraðslækna og landlæknis. Er hver yfirsetukona skyld að fara eftir ráðum og aðvörunum hjeraðslæknis síns. Ef hún þykist verða fyrir órjetti, er henni frjálst að snúa sjer til landlæknis.

2. gr.

Leyfi til yfirsetukvennastarfa.

Hverri þeirri konu, sem staðist hefir yfirsetukvennapróf hjer á landi eða útlent yfirsetukvennapróf, sem landlæknir tekur gilt, er frjálst að fást við yfirsetukvennastörf hvar sem er á landi hjer.

Þó skal hún jafnan fara á fund hjeraðslæknis í því hjeraði, þar sem hún sest að, áður en hún tekur til starfa og sýna honum prófbrjef sitt og sanna að hún eigi til öll nauðsynleg yfirsetuáhöld. Skal hún einnig gera hjeraðslækni kunnugt ef hún ætlar sjer að hætta yfirsetukonustörfum eða fara burt úr hjeraðinu

3. gr.

Störf yfirsetukvenna.

Þessi eru þau störf, sem öllum yfirsetukonum er heimilt að rækja:

- 1) að hjálpa jóðsjúkum konum og hjúkra þeim meðan þær liggja á sæng eftir barnsburð;
- 2) að annast hjúkrun nýfæddra barna;
- 3) að skoða konur, ef þess er beiðst, í því skyni að komast að raun um hvort kona er vanfær, eða hefir alið barn;
- 4) að skoða konur, sem ekki eru vanfærar, eftir tilmælum læknis, í því skyni að grenslast eftir krankleik í getnaðarfærum konunnar eða endaparmi;

- 5) að fara með hægðadælu;
- 6) að losa konur við þvag;
- 7) að fara með blóðkolluáhöld;
- 8) að skola innan getnaðarfæri kvenna;
- 9) að koma fyrir leghringum og öðrum umbúðum, sem eiga við getnaðarfæri kvenna, eftir fyrirsögn læknis.

Hver yfirsetukona skal jafnan haga þessum verkum sínum nákvæmlega eftir því, sem henni hefir verið kent í yfirsetukvennaskóla, og ekki leggja neitt annað á gjörva hönd en það, sem henni hefir þar verið sagt fyrir um. Má hún ekki eiga við neina aðra sjúklinga eða önnur læknisverk. Ef landlæknir setur sjerstök fyrirmæli um einhver störf yfirsetukvenna, þá ber henni að fara eftir þeim í öllum greinum.

4. gr.

Skýldur yfirsetukvenna, að gegna konum í barnsnaud.

Nú hefir yfirsetukona tekið sjer bólfestu í einhverri sveit (kaupstað eða hreppi) og tjáð hjeraðslækni að hún ætli sjer að fást þar við yfirsetukvennastörf, og er hún þá skyldug að gegna ef hennar er vitjað til konu í barnsnaud, nema lögleg forföll banni.

Ef hún er ekki skipuð yfirsetukona, þá er henni þó jafnan frjálst að láta vanfæra konu vita, að hún vilji ekki sitja yfir henni, og er hún þá ekki skyldug að gegna þó leitað sje, nema bráða lífshættu beri að höndum, eða ekki unt að ná til þeirrar skipuðu yfirsetukonu þar í sveit.

5. gr.

Um dvalarskyldu yfirsetukvenna, læknisvitjanir og notkun deyfingarlyfja.

Ef yfirsetukonu er vitjað til að sitja yfir og verður hún þess vis, þegar hún kemur til konunnar, að konan hefir tekið ljettasóttina, þá má hún ekki fara af heimilinu aftur fyr en barnið er komið og fylgjan og úti í bráðina öll hætta á blóðlátum.

Ef yfirsetukona finnur þess merki, þegar hún kemur til konu, að ólag muni vera á fæðingunni, svo að konunni eða fóstroinu geti verið hætta búin, þá skal hún heimta í tæka tíð, að læknis sje vitjað, og senda lækni skýrt skeyti um það hvernig ástatt sje; fær hún hjá hjeraðslækni eyðublöð undir þau skeyti.

Nú er læknis vitjað, og skal hún þá fara að öllu eftir fyrirsögn hans og dvelja hjá konunni eftir barnsburðinn, svo lengi sem honum þykir þurfa; skal hún þá gera alt sitt til þess, að farið sje eftir fyrirmælum læknis meðan konan liggur á sæng.

Hún má ekki sjálf gefa eða leyfa að aðrir gefi jóðsjúkri konu deyfingarlyf, nema læknir bjóði og sje viðstaddur.

Skyldur yfirsetukvenna að tilkynna barnsburði.

Þá er yfirsetukona tekur á móti barni, skal hún jafnan tilkynna barnsburðinn, á þann hátt er hjer segir:

Yfirsetukona skal semja tilkynninguna þegar í stað, ef barnið fæðist andvana, og ef það deyr nýfætt, þá strax eftir andlátið, en lifi barnið, þá ekki fyr en hún hættir að stunda það, þó aldrei síðar en 7 nóttum eftir fæðinguna.

Þessar tilkynningar skal jafnan skrá á eyðublöð, sem þar til eru gerð og hjeraðslæknar útbýta.

Hverjum tilkynna skal.

Ef móðirin er í þjóðkirkjusöfnuði, skal senda tilkynninguna þeim þjóðkirkjupresti, sem fæðingarsókn barnsins heyrir undir, og alt að einu ef hún er ekki í neinum löggildum söfnuði. Nú er móðirin í utanþjóðkirkjusöfnuði, sem hefir löggiltan prest eða forstöðumann, og skal þá senda honum tilkynninguna, ef barnið fæðist heima í safnaðarhverfi hans. Má alls ekki bregða út af þessum fyrirmælum, þó í ráði sje að fara með barnið til skirnar í aðra sókn, eða sleppa skirn, því að hvern barnsburð ber að skrá og setja í fæðingarskýrslu þeirrar sóknar þar sem barnið fæðist.

Ef tilkynning er vanrækt.

Ef yfirsetukona fær vitneskju um að barn hafi fæðst í umdæmi hennar og verið vanrækt að tilkynna barnsburðinn, þá skal hún tafarlaust gera þeim prest eða safnaðarstjóra, sem tilkynna ber, aðvart um það.

7. gr.

*Hver börn skal telja »lifandi« og hver »andvana«.**Hvað »barnsburður« er, og hvað »fósturlát«.*

Ef barnið fer að anda sjálfkrafa að vörmu spori eftir fæðinguna, þá skal telja að það hafi fæðst »með fullu lífi«. Ef barnið andar ekki, en er þó með lífsmarki (hjartað slær), og andardrættinum verður komið í gang með lífgunartilraunum, svo að barnið fer að anda sjálfkrafa, þá er talið að barnið hafi fæðst »hálfdautt«, en þó að vísu »lifandi«.

»Lifandi« börn.

Eftir þessu skal fara í tilkynningum um barnsburði; skal þar ávalt telja, að barnið hafi fæðst »lifandi«, ef svo var, að það andaði sjálfkrafa, þó ekki væri nema rjett snöggvast, og eins fyrir því, þó ófullburða sje og hversu mikið sem vantaði á rjettan tíma.

»Andvana« börn.

»Andvana« er talið að burðurinn komi, ef ekkert lífsmark finst, og eins þó að lífsmark finnist, ef það hverfur án þess að lánast hafi að koma sjálfkrafa andardrætti í gang. Í tilkynningum um barnsburði skal þá kalla, að barnið hafi komið »andvana«.

»Fósturlát«. *Þau skal ekki tilkynna.*

Nú kemur burðurinn andvana, og svo löngu fyrir tímann, að ætla má, að ekki sjeu liðnir fullir sjö mánuðir (28 vikur) frá síðustu tíðum móðurinnar, og er burðurinn svo óproskaður, að líkamslengdin nær ekki 35 cm., skal þá ekki telja það »barnsburð«, heldur »fósturlát«; en þau á ekki að tilkynna presti; skal yfirsetukona gæta þess vandlega, að tilkynna ekki fósturlát sem »barnsburð«

12
9. mars

8. gr.

Um skemri skírn.

Ef nýfætt barn er svo veikburða, að yfirsetukona ætlar því ekki líf, þá skal hún segja foreldrum barnsins frá því, og vita hvort þau vilja láta skíra barnið skemmri skírn. Ef það á að gerast og enginn viðstaddur fullveðja karlmaður treystist til þess, þá er rjett að yfirsetukona skíri sjálf barnið. Skal hún þá gera það í tveggja votta viðurvist, ef kostur er, og hafa þennan formála (úr Helgisíðabók þjóðkirkjunnar):

»Himneski faðir, meðtak þú þetta barn í nafni drottins vors Jesú Krists«.

Þá nefnir hún barnið, eys það þrisvar vatni og segir:

»Jeg skíri þig til nafns föðurins, sonarins og hins heilaga anda. Amen.

Faðir vor, þú sem ert á himnum o. s. frv.«.

Hún skal þá gera presti aðvart um skemmri skírnina við fyrstu hentugleika og láta þess getið, hverja nauðsyn hafi tilbórið.

9. gr.

Um lífgunartilraunir á hálfdaudum börnum.

Ef nýfætt barn bærisk ekki, en þó ekki sjáanleg óræk merki þess, að það sje dautt, þá skal yfirsetukonan tafarlaust gera sínar ítrustu tilraunir til að fjörga það, og ekki hætta þeim fyr en barnið er lifnað við, eða hinsvegar öll lífsmörk horfin.

10. gr.

Meðferð á ungbörnum.

Yfirsetukona skal jafnan segja móðurinni ítarlega fyrir um meðferð á barninu. Ef henni líst heimilið svo fátækt og vesalt, að lífi eða heilsu barnsins muni hætta búin, þá skal hún skýra fátækrastjórninni frá því, eða sóknarpresti.

11. gr.

Ef jóðsjúk kona hefir næman sjúkdóm.

Ef kona hefir einhvern næman sjúkdóm, þegar hún tekur ljettasóttina, þá er yfirsetukona engu að síður skyld að vitja hennar og veita henni þá hjálp og hjúkrun, sem hún þarfnast vegna barnsburðarins. En vandlega skal hún þá gæta þess, að verja sjálfa sig sóttmengun og fara þar eftir almennum reglum um

12 varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma 12. okt. 1912 og sótthreinsunarreglum
9. mars 12. okt. 1912.

12. gr.

Ef sængurkona tekur næman sjúkdóm, eða yfirsetukona.

Nú tekur sængurkona barnsfararsótt eða einhvern annan næman sjúkdóm, sem hætt er við að borist geti með yfirsetukonunni út af heimilinu, og skal hún þá skýra hjeraðslækni sínum frá því tafarlaust og hlýða sóttvarnarráðum hans, og ekki sitja aftur yfir konu fyrir en læknir telur hættulaust.

Yfirsetukona skal fara eins að, ef hún tekur sjálf næman sjúkdóm, eða næmur sjúkdómur kemur upp á heimili hennar.

13. gr.

Bannað að spyrja um faðerni.

Yfirsetukona skal aldrei heimta af vanfærum konum eða sængurkonum, að þær segi henni til faðernis barnsins.

Þagnarskylda.

Ef kona er þunguð eða verður ljettari, og biður yfirsetukonu að þegja yfir því, þá er henni skylt að verða við þeirri beiðni og yfirleitt þegja yfir öllu, sem konan trúir henni fyrir um hagi sína, og aldrei út af bregða, nema hún fái grun um, að glæpur hafi verið framinn, eða sje fyrirhugaður.

Ef glæpur vitnast.

Nú verður hún vör við drýgðan glæp, og skal hún þá tafarlaust skýra lögreglustjóra frá málavöxtum, eða hjeraðslækni, í því skyni, að hann tilkynni lögreglustjóra. Sama er um það, ef hún verður vör við glæpsamlegar ráðagerðir og getur ekki aflað sjer fullvissu um, að frá þeim verði horfið.

Um launalín börn.

Nú kemur hún til konu, sem nýlega hefir alið barn á laun, og er barnið dautt, eða horfið, og skal hún þá gefa nánar gætur að öllu, sem fyrir hana ber, og tafarlaust gera lögreglustjóra (hreppstjóra eða sýslumanni) aðvart.

14. gr.

Löggiltar fæðingabækur.

Hver yfirsetukona skal rita í löggilta fæðingabók allar fæðingar, sem hún er viðriðin. Skal hún jafnan gera það við fyrstu hentugleika, og gæta þess, að leysa greinilega úr öllum þeim spurningum, sem felast í prentuðu fyrrsögunum yfir dálkunum í bókinni.

Óskilgetin börn.

Þegar yfirsetukona tekur á móti óskilgetnu barni, skal hún jafnan gæta einkar vandlega að öllu, sem hafa má til marks um það, hvort barnið sje full-

burða, og samstundis skrifa hjá sjer líkamslengd barnsins og þyngd og allt annað, sem þar að lýtur, og síðar rita það allt í fæðingabókina.

12
9. mars

Eyðublöð.

Þegar yfirsetukona sest að og tekur til starfa í einhverri sveit, skal hún þegar í upphafi biðja hjeraðslækni um fæðingabók handa sjer, og yfirsetukvenna-reglugerð, ef hún á hana ekki, og eyðublöð (5., 6. og 14. gr.).

Þegar fæðingabók er útskrifuð, eða yfirsetukona lætur af starfi sínu, eða flytst úr sveitinni, skal hún afhenda hjeraðslækni fæðingabók sína.

Ársskýrslur.

Í janúarmánuði ár hvert skal hver yfirsetukona senda hjeraðslækni sínum afrit af öllu því, sem hún hefir skráð í fæðingabók sína á liðna árinu, og fær hún hjá hjeraðslækni eyðublöð undir þær ársskýrslur.

B. Um skipaðar yfirsetukonur, skyldur þeirra og rjettindi.

15. gr.

Skyldur skipaðra yfirsetukvenna.

Skipuðum yfirsetukonum, sem hafa föst laun úr sýslusjóði eða bæjarsjóði, ber að halda öll þau fyrirmæli, sem sett eru í þessari reglugerð, 1.—14. gr., um yfirsetukonur yfirleitt. En þar að auki hvíla á þeim þær skyldur, sem nú segir:

1) Hver skipuð yfirsetukona er að forfallalaus skyldug að fara tafarlaust, ef hennar er vitjað til konu í barnsnauð í því umdæmi, sem hún á að gegna, og henni sjeð fyrir fararþeina. Er henni óheimilt að neita nokkurri konu fyrir fram um hjálp sína (sbr. 4. gr.).

2) Hún er líka skyld að gegna, sje hennar vitjað í næsta umdæmi, ef yfirsetukonan þar er ekki viðlátin og hefir lögleg forföll.

Þó ekki sje því að skifta, er henni frjálst að sitja yfir konum utan síns umdæmis, ef skyldustörf hennar biða ekki бага af því. Annars má hún ekki fara burtu úr umdæmi sínu, nema hjeraðslæknir leyfi.

3) Þegar hún fer út af heimili sínu, skal hún jafnan segja heimafólki hvert hún ætlar, svo að það viti hvar hennar er að leita, ef á þarf að halda.

4) Hún er skyld að gegna í sínu umdæmi öllum öðrum störfum yfirsetukvenna, sem talin eru í 3. gr., hvenær sem þess er beiðst, nema lögleg forföll banni.

5) Hún er skyld að hafa á hendi bólusetningar í umdæmi sínu gegn því endurgjaldi, sem ákveðið er í gildandi bólusetningarlögum.

6) Hún skal gæta þess að geyma vandlega og fara vel með þær bækur og áhöld, sem umdæminu fylgja og hjeraðslæknir afhendir henni. Skal hún skila því öllu í hendur hjeraðslækni, ef hún lætur af starfi sínu.

Um bækur og áhöld, sem eiga að fylgja hverju umdæmi.

Pegar skipuð yfirsetukona tekur við umdæmi, á hún að fara á fund hjer-
aðslæknisins í því hjeradi og fá hjá honum:

- 1) Yfirsetukvennareglugerð, ef hún á hana ekki fyrir;
- 2) löggilta fæðingabók;
- 3) Sóttvarnabók (Almennar reglur um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, 12. okt. 1912, og sóttthreinsunarreglur, 12. okt. 1912);
- 4) Bólusetningabók (Bólusetningarreglugerð, 22. okt. 1902, og lög um bólusetningar, 27. sept. 1901¹⁾);
- 5) bólusetningarjárn;
- 6) yfirsetuáhöld, samkvæmt áhaldaskrá yfirsetukvenna, 31. des. 1908, og fylgir sú skrá áhöldunum;
- 7) blóðkolluáhöld, sem einnig eru talin á áhaldaskránni;
- 8) eyðublöð undir:
 - a) bólusetningarskrár;
 - b) bólusetningarvottorð;
 - c) ársskýrslur (útskrift úr fæðingabók);
 - d) tilkynningar um barnsburði;
 - e) skeyti til læknis um konu í barnsnauð.

Öll þessi eyðublöð fær svo yfirsetukonan hjá hjeradslækni eftir þörfum. Yfirsetukona er skyldug að sýna hjeradslækni bækur sínar og áhöld hvenær sem hann krefst þess.

Um föst laun skipaðra yfirsetukvenna.

Árslaun skipaðra yfirsetukvenna eru miðuð við fólkstal í umdæmunum í ársbyrjun.

Ef fólkstal í umdæminu er 300 eða minna, þá eru árslaunin 70 kr.

Ef fólkstalið fer fram úr 300, bera yfirsetukonu 70 kr. að viðbættum 5 kr. fyrir hverja fulla 5 tugi manna, sem fram yfir eru 300, þó aldrei meira en 500 kr.

Í kaupstöðum, þar sem eru tvær eða fleiri yfirsetukonur, ber að deila íbúatölunni jafnt milli þeirra, og því næst reikna þeim árslaun á sama hátt, sem fyr var sagt.

Í kaupstöðum ber að greiða árslaunin mánaðarlega úr bæjarsjóði, en annarsstaðar úr sýslusjóði og þá einu sinni á ári, á manntalsþingi.

Sýslunefndum og bæjarstjórnnum er heimilt að hækka árslaun yfirsetukvenna, ef sjerstakar ástæður þykja til.

¹⁾ Samkvæmt lögum nr. 16, 22. okt. 1912, ber bólusetjara nú í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem íbúatalan er yfir 100, 20 aur. fyrir hvern þann er hann bólusetur eða endurbólusetur og skoðar eftir á, en í minni kauptúnum og sveitum skal borgunin vera 35 aurar.

Um eftirlaun yfirsetukvenna.

12

9. mars

Nú fær yfirsetukona lausn frá starfi sínu fyrir elli sakir eða vanheilsu, og má þá sýslunefnd eða bæjarstjórn veita henni hæfileg eftirlaun. Ef yfirsetukona slasast þegar hún er að gegna lögmæltu starfi sínu, svo að hún verður að fá lausn, og er ekki fær um að vinna fyrir sjer á annan hátt, þá á hún heimtingu á eftirlaunum, en bæjarstjórn eða sýslunefnd ákveður upphæð þeirra.

18. gr.

Um minstu þóknun til yfirsetukvenna fyrir yfirsetustarf.

Fyrir yfirsetu og aðhjúkrun sængurkvenna ber yfirsetukonum sanngjörn þóknun. Þessi þóknun skal vera, auk ókeypis fararþeina báðar leiðir, eigi minni en 5 kr. fyrir að sitja yfir og 1 kr. fyrir hvern dag, sem yfirsetukona dvelur hjá sængurkonunni, nema þann dag, sem hún tekur á mótí barninu, en 50 aura fyrir hverja vitjun í kaupstað eða kaupsíu, þar sem yfirsetukona býr.

Ef sængurkona þiggur af sveit, eða er svo fátæk að hún getur ekki borgað, þá á yfirsetukona heimting á þóknun úr sveitarsjóði, er nemi 5 kr. fyrir yfirsetustarfið og nauðsynlega aðhjúkrun eftir á, auk ókeypis fararþeina; þau sveitargjöld eru ekki talin með fátækrastryk.

19. gr.

Um þá þóknun, sem yfirsetukonum ber fyrir aukaverk.

Fyrir þau aukaverk, sem nefnd eru í 3. gr. 3.—9., ber yfirsetukonum þóknun eftir því sem hjer segir:

a) Fyrir að skoða konu í því skyni, sem til er tekið í 3. gr. 3. og 4. lið 1 kr.

b) Fyrir hvert af þeim verkum, sem nefnd eru í 3. gr. 5.—9. lið . . . 1 —
Ef eitthvert af þessum verkum er unnið margsinnis fyrir sama sjúkling, þá ber yfirsetukonu ekki fult gjald nema 3 fyrstu skiftin, en hálfu úr því.

Þegar yfirsetukona vinnur einhver þessi verk sængurkonum til hjálpar meðan hún situr yfir þeim eða stundar þær eftir barnsburð, þá ber henni engin sjerstök borgun fyrir þau.

c) Verði yfirsetukona að takast ferð á hendur um lengri veg frá heimili sínu en nemi 2 röstum, til að vinna eitthvað af þeim aukaverkum sínum, sem um ræðir í þessari grein, þá skal sjá henni fyrir ókeypis fararþeina og greiða henni, auk borgunar fyrir verkið, 25 aura fyrir hverja klukkustund, sem til ferðarinnar þarf fram og aftur.

20. gr.

Hegningarákveði.

Brjóti nokkur yfirsetukona gegn því, sem henni er gert að skyldu í reglugerð þessari, þá skal hún sæta sektum, nema þyngri hegning liggja við afbroti hennar að lögum.

12
9. mars Verði hún sek að nýju og eru miklar sakir til, einkum ef hún oftast en einu sinni hefir skorast undan að vitja sængurkonu tafarlaust og að forfallalausum, þá skal henni vikið frá.

Ef yfirsetukona ljóstar upp því, sem einhver kona hefir trúað henni fyrir sem yfirsetukonu um hagi sína, skal henni þegar vikið frá starfi sínu.

Þetta auglýsist hjermeð öllum þeim til eftirbreytni, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 9. mars 1914.

H. Hafstein.

Eggert Briem.

Tilkynning um barnsburð

í sókn.

(Þessa tilkynningu skal yfirsetukona semja og senda með fyrstu ferð þegar hún hættir að stunda barnið, þó *eigi síðar en 7 nóttum eftir barnsburðinn*).

1. Fæðingardagur: dagur mán. 19 . .
2. Sveinbarn eða meybarn?
3. Skilgetið eða óskilgetið?
4. Kom lifandi eða andvana?
5. Fult nafn móðurinnar
6. Fult nafn föðursins
- (Föðurnafnið þarf ekki ef barnið er óskilgetið).
7. Fæðingarheimilið
8. Dó barnið áður en yfirsetukonan skildi við það?
9. Hve mörgum stundum eða nóttum eftir fæðinguna?
10. Hvert var banamein þess?

(Ef barnið deyr í kaupstað eða kauptúni, sem er læknissetur, verður samkvæmt lögum nr. 30, 11. júlí 1911, að fá dánarvottorð hjá lækni).

..... dag mán. 19 . .

.....
yfirsetukona.

Til

Aths.: Ef móðirin er í þjóðkirkjusöfnuði, skal senda tilkynninguna þeim þjóðkirkjupresti, sem fæðingarsókn barnsins heyrir undir, og alt að einu, ef hún er ekki í neinum löggiltum söfnuði. Nú er móðirin í utanþjóðkirkjusöfnuði, sem hefir löggiltan prest eða forstöðumann, og skal þá senda honum tilkynninguna, ef barnið fæðist heima í safnaðarhverfi hans. Má alls ekki bregða út af þessum fyrirmælum, þó í ráði sje að fara með barnið til skírnar í aðra sókn, eða sleppa skírn, því að *hverna barnsburð ber að skrá og setja á fæðingarskýrslu þeirrar sóknar þar sem barnið fæðist.*

Ef yfirsetukona fær vitneskju um, að barn hafi fæðst í umdæmi hennar, og verið vanrækt að tilkynna barnsburðinn, þá skal hún tafarlaust gera þeim presti eða safnaðarstjóra, sem tilkynna bar, aðvart um það.